

## Bronsmerki próf

Bronsmerki próf er einungis hægt að framkvæma af Hundaræktarfélagi Íslands eða deildum innan þess. Dómarar skulu viðurkenndir af HRFÍ. Prófið telst ekki til nafnbóta í ættbók.

Einkunnargjöf 0 þar næst 5-5,5-6-6,5 o.s.frv. upp í 10 eru svo margfölduð með tölum sem gefnar eru upp fyrir hverja æfingu og gefur heildar stigafjölda. Einkunnargjöfin 0 þýðir að æfingin er ekki viðurkennd og prófið ekki gilt.

Allir hundar sem ná **90** stigum eða meira og eru með viðurkennda einkunn í öllum æfingum fá afhent brons merki HRFÍ. Merkið sjálft er einungis veitt einu sinni.

Að öðru leiti er vísað í reglurnar „*Almennar þáttökureglur og dómarskilmálar*“, í öðrum og þriðja hluta þessa heftis.

### **Æfing 1: Skoða tennur**

Margföldun: 1 Hámarksstigagjöf: 10

**Skipanir:** Orð eða merki fyrir „kyrr“

**Framkvæmd:** Æfingin byrjar með hundinn í upphafsstöðu (sitjandi við vinstri hlið leiðandans). Dómarinn stillir sér upp u.þ.b. 5 metrum fyrir framan parið, snýr sér að þeim og spyr hvort þeir séu tilbúnir. Dómarinn gengur að parinu, leiðandinn skipar hundinum að vera kyrr og nú skal dómari skoða upp í hundinn (athuga bitið). Viðurkenning á æfingunni er krafa til að geta haldið áfram í prófinu.

**Dómaraleiðbeiningar:** Þegar gefin er einkunn skal almenn hegðun hundsins tekin til greina. Hundur sem sýnir árásargjarna hegðun fellur og skal vísað úr prófinu. Til að fá viðurkennda einkunn er sú krafa gerð að dómarinn geti skoðað bitið á eðlilegan hátt, án þess að hundurinn sýni mótþróa.

### **Æfing 2: Hælganga í taumi**

Margföldun: 2 Hámarksstigagjöf: 20

**Skipanir:** Orð eða merki fyrir „hæll“. Leyfð frá kyrrstöðu og í hraðabreytingum.

**Framkvæmd:** Æfingin byrjar með hundinn í upphafsstöðu. Leiðandi skal halda í tauminn með vinstri hendi. Hundurinn skal ganga viljugur í lausum taumi við vinstri hlið leiðandans með höfuðið eða herðar í beinni línu við vinstri fót leiðandans. Æfingin skal fela í sér eðlilega göngu með beygjum og stoppum, hæga göngu og hraða göngu án beygja. Hundurinn á að setjast hratt og án skipunar í upphafsstöðu í hvert sinn sem leiðandi stoppar.

**Dómaraleiðbeiningar:** Öll frávik sem parið gerir skulu endurspeglast í einkunnargjöf. Hundur sem togar stöðugt í tauminn eða þarf að „draga“ áfram, skal ekki fá viðurkennda einkunn.

### **Æfing 3: Hælganga án taums**

Margföldun: 4 Hámarksstigagjöf: 40

**Skipanir:** Orð eða merki fyrir „hæll“. Leyfð frá kyrrstöðu og í hraðabreytingum.

**Framkvæmd:** Æfingin byrjar með hundinn í upphafsstöðu. Hundurinn skal ganga viljugur við vinstri hlið leiðandans með höfuðið eða herðar í beinni línu við vinstri fót leiðandans. Æfingin skal fela í sér eðlilega göngu með beygjum og stoppum, hæga göngu og hraða göngu án beygja. Hundurinn skal setjast hratt og án skipunar í upphafsstöðu í hvert sinn sem leiðandi stoppar.

**Dómaraleiðbeiningar:** Öll frávik sem parið gerir skulu endurspeglast í einkunnargjöfinni. Ekki skal viðurkenna æfingu hunds sem fylgir leiðanda með meira en 1 meters fjarlægð stóran hluta af æfingunni.

**Æfing 4: Liggja úr kyrrstöðu**

Margföldun: 2 Hámarksstigagjöf: 20

**Skipanir:** Orð eða merki fyrir „kyrr“, „liggja“ og „hæll“.

**Framkvæmd:** Æfingin byrjar með hundinn í upphafsstöðu. Eftir merki frá dómara/prófstjóra gengur leiðandi með hundinn lausan við hæl u.þ.b.10 metra. Eftir nýtt merki stoppar leiðandinn og skipar hundinum að leggjast. Gengur síðan u.þ.b.10 metra frá hundinum sem er enn í liggjandi stöðu, þar til dómari gefur merki um að stoppa og snúa við. Leiðandi fær eftir það merki um að fara til baka til hundsins. Eftir merki frá dómara skal skipa hundinum að setjast upp í upphafsstöðu.

**Dómaraleiðbeiningar:** Æfingin dæmist þar til leiðandi hefur stöðvað og snúið sér við u.þ.b.10 metra frá hundinum. Að leggjast niður er aðalþáttur æfingarinnar og skal einkunn endurspegla hversu viljugur hundurinn er til að leggjast og hversu rólegur hann liggur kyrr.

- Hundur sem reisir sig upp eða sest upp (eftir að hafa lagst niður) skal ekki fá hærri einkunn en 5, ef hann gerir það áður en leiðandi hefur stoppað og snúið sér við.
- Ef hundurinn sest upp eða reisir sig eftir að leiðandi hefur stoppað og snúið sér við, skal hann ekki fá hærri einkunn en 8.

**Æfing 5: Innkall frá sitjandi stöðu**

Margföldun: 1 Hámarksstigagjöf: 10

**Skipanir:** Orð eða merki fyrir „sitja kyrr“ og „hæll“.**Framkvæmd:** Æfingin byrjar með hundinn sitjandi við vinstri hlið leiðandans. Eftir merki skipar leiðandinn hundinum að vera kyrr sitjandi. Eftir nýtt merki gengur leiðandi u.þ.b.15 metra frá hundinum og snýr sér svo á móti hundinum. Leiðandi fær svo nýja skipun um að kalla hundinn inn í upphafsstöðu.**Dómaraleiðbeiningar:** Ef hundurinn er ekki viljugur í þessari æfingu hefur það í för með sér verulega lækkun á einkunn.

- Ef hundurinn kemur ekki til leiðanda eftir fyrstu innkallsskipun skal hann ekki fá hærri einkunn en 8.
- Ef hundur er ekki kominn til leiðanda eftir 2 skipanir, skal ekki gefa hærri einkunn en 6.
- Ef hundurinn er ekki kominn til leiðanda eftir 3 skipanir, fæst æfingin ekki viðurkennd.
- Færi hundurinn sig úr stöðu sem jafngildir þrefaldri eigin lengd áður en leiðandi hefur stoppað og snúið sér við, skal æfingin ekki viðurkennd.
- Færi hann sig minna en þrefalda eigin lengd skal einkunnin ekki vera hærri en 7.
- Ef hundurinn byrjar að hreyfa sig í átt að leiðanda fyrir innkallsskipunina eftir að leiðandi hefur stoppað og snúið sér við, skal ekki gefa hærri einkunn en 7.
- Hundur sem reisir sig upp eða leggst niður án þess að færa sig úr stað, áður en innkall er gefið, skal ekki fá hærri einkunn en 8.
- Mikil áhersla er lögð á að hundurinn velji stytstu leið og komi á góðum hraða til leiðanda.  
(Að öðru leiti skal vitnað í reglurnar „*Almennar þáttökureglur og dómaraskilmálar*“.)

**Æfing 6: Standa á göngu**

Margföldun: 3 Hámarksstigagjöf: 30

**Skipanir:** Orð eða merki fyrir „hæll“ og „standa“.

**Framkvæmd:** Æfingin byrjar með hundinn í upphafsstöðu. Eftir merki gengur parið u.þ.b. 10 metra laus við hæl, þar til leiðandi fær merki um að skipa hundinum að standa á göngu, á meðan leiðandi heldur áfram göngu u.þ.b. 10 metra. Leiðandi stoppar við skipun dómara og snýr sér við. Leiðandinn fær svo skipun um að ganga til hundsins. Eftir merki skal hundinum skipað í upphafsstöðu.

**Dómaraleiðbeiningar:** Dómur á æfingunni endar þegar leiðandi hefur stoppað og snúið sér við u.þ.b. 10 metrum frá hundinum. Hundurinn skal stoppa snarlega innan marka sem eru tvöföld eigin lengd eftir að leiðandi hefur gefið skipun.

- Hundur sem leggst eða sest eftir að hafa fyrst stoppað í standandi stöðu skal ekki fá hærri einkunn en 5, gerist það áður en leiðandi hefur stoppað og snúið sér við.
- Ef það gerist eftir að leiðandi hefur snúið sér við skal ekki gefa hærri einkunn en 8.

**Æfing 7: Liggja í 2 mínútur**

Margföldun: 4 Hámarksstigagjöf: 40

**Skipanir:** Orð eða merki fyrir „liggja“, „kyrr“ og „setjast upp“.

**Framkvæmd:** Parið stillir sér upp með hundinn í upphafsstöðu. Eftir merki skal leiðandi gefa hundinum skipun um að leggjast, við nýtt merki skipar hann hundinum að vera kyrr. Leiðandi fer frá hundinum u.þ.b. 15 metra og snýr sér við og stendur andspænis honum í 2 mínútur. Þegar tíminn er liðinn fær leiðandi merki um að ganga u.þ.b. 1 metra aftur fyrir hundinn þar sem hann stoppar og snýr sér við. Eftir nýtt merki gengur leiðandi til hundsins og fær merki um að skipa hundinum í upphafsstöðu.

**Dómaraleiðbeiningar:**

- Hundur sem reisir sig upp áður en tímataka á æfingunni hefst fær ekki viðurkennda einkunn.
- Hundur sem sest upp án þess þó að færa sig úr stöðu, þegar tímataka er hafin, skal ekki gefa hærri einkunn en 5, ef þetta gerist áður en 2 mínútur eru liðnar.

Skilyrði til að fá viðurkennda einkunn er (samt sem áður) að hundurinn setjist ekki upp fyrr en minnst hálfur tíminn er liðinn.

- Færi hundurinn sig styttra en þrefalda eigin lengd, geltir eða vælir, skal ekki gefa hærri einkunn en 8.
- Færi hundurinn sig lengra en þrefalda eigin lengd, fæst æfingin ekki viðurkennd ef þetta gerist áður en tíminn (2 mínútur) er liðinn. Gerist þetta eftir að tíminn er liðinn skal ekki gefa herra einkunn en 8.

**Æfing 8: Heildarmat**

Margföldun: 1 Hámarksstigagjöf: 10

**Dómaraleiðbeiningar:** Með heildarmati er fyrst og fremst átt við samvinnu milli hunds og leiðanda, auk vilja og vinnugleði hundsins í gegnum allar æfingar. Taka skal tillit til hegðunar hunds og leiðanda meðan á æfingunum stendur og á milli þeirra. Þá skal einnig tekið tillit til skapgerðar viðkomandi hundakyns.

**Hámarks stigagjöf: 180**

**Athugasemd:** Ef hundi mistekst í einhverri æfingu og dómarinn telur að það byggist á misskilningi, er leyfilegt að parið endurtaki æfinguna.

## Röð æfinga

<b>Æfing 1</b>	<b>Skoða tennur</b>
<b>Æfing 2</b>	<b>Hælganga í taum</b>
<b>Æfing 3</b>	<b>Hælganga án taums</b>
<b>Æfing 4</b>	<b>Liggja úr kyrrstöðu, 10 m</b>
<b>Æfing 5</b>	<b>Innkall frá sitjandi stöðu, 15 m</b>
<b>Æfing 6</b>	<b>Standa á göngu, 10 m</b>
<b>Æfing 7</b>	<b>Liggja í 2 mínútur, 15 m, tímataka hefst þegar leiðandi snýr sér við.</b>
<b>Æfing 8</b>	<b>Heildarmat</b>

## Dæmi um uppsetningu í dómhring:

